

## MINNISBLAÐ

### SKJALALYKILL

7511-004-MIN-001-V01

### DAGS.

06.05.2021

### SENDANDI

Anna Bragadóttir  
Ásgeir Jónsson  
Ásbjörn Egilsson

### MÁLEFNI

Svör og viðbrögð Qair Iceland ehf. við umsögnum og athugasemdum um skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Norðurlþings 2010-2030 á Hólaheiði í landi Katastaða, Presthóla og Efri-Hóla.

### VERKHEITI

Hnotasteinn - skipulagsmál

### VERKKAUPI

Qair Iceland ehf.

### DREIFING

Gaukur Hjartarson (Norðurþing)

## 1 Landsnet:

UMSÖGN	SVAR
Mikilvægt er að stefnumörkun um raforku í aðalskipulagi taki mið af Kerfisáætlun Landsnets hverju sinni og að auki stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins og lagningu raflína.	Fjallað verður um Kerfisáætlun Landsnets og samræmi við hana í breytingu á aðalskipulagi.
Ekkert er fjallað um tengingu við flutningskerfið. Landsnet leggur á það áherslu að greining á mögulegum tengingum við flutningskerfið, og útfærslum þar á, fari fram í samráði við fyrirtækið eins og lýst er í skilmálum Landsnets um tæknilegar kröfur til vinnslueiningar, sbr. 7. kafla netmála Landsnets D1. Brýnt er að huga sérstaklega að því að tengimöguleikar falli að framtíðarhugmyndum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins á svæðinu.	Haft verður samráð við Landsnet varðandi tengingu við flutningskerfið.
Kanna þarf sérstaklega hvort hugsanlegar jarðstrengslagnir frá vindorkuverinu að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku.	Vísað er í svar að ofan.
Landsnet mun óska eftir niðurstöðum kerfisgreininga framkvæmdaraðila á áhrifum fyrirhugaðs vindorkuvers á rekstur flutningskerfisins og einnig, ef þurfa þykir, óska eftir frekari gögnum og greiningum frá framkvæmdaraðila.	Vísað er í svar að ofan.

## 2 Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

UMSÖGN	SVAR
Samkvæmt jarðalögum skal tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota og er óheimilt að taka land [ 5 hektarar að stærð eða stærra] sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði eða land sem nýtanlegt er eða nýtt til landbúnaðar, þ.m.t. afrétti, til annarra nota (breyta landnotkun)	Með breytingu aðalskipulags verður svæði sem í gildandi aðalskipulagsáætlun er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, breytt í iðnaðarsvæði þar sem

nema aflað sé leyfis ráðherra að gættum ákvæðum 6. gr. laganna. Vísast af þessu tilefni til 2. og 4. mgr. 6. gr. jarðalaga.

jafnframt verður heimilt að stunda landbúnað. Stærsti hluti svæðisins verður áfram nýttur til landbúnaðar. Farið verður eftir jarðalögum nr. 81/2004 og sótt um breytingu á nýtingu á skilgreindu landbúnaðarsvæði þar sem frekari rökstuðningur mun koma fram.

### 3 Svar/viðbrögð við umsögn ISAVIA:

UMSÖGN	SVAR
Vindmyllur ná upp fyrir 500 fet yfir land sem er lægsta hæð sem miða má við í yfirlandsflugi. Því er nauðsynlegt að Isavia verði sendar með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara upplýsingar um uppsetningu mastra/vindmylla þannig að hægt sé að koma upplýsingum í handbækur, kort og annars staðar sem þörf er á vegna flugöryggis. Nauðsynlegt er að í gögnum séu viðurkenndar mælingar á staðsetningu og hæð mastra á ákveðnu formi (excel skjál). Isavia getur veitt nánari upplýsingar þar um til mælingarmanna.	Tekið verður tillit til þess og samráð haft við ISAVIA.
Afla þarf samþykkis Samgöngustofu fyrir byggingu mannvirkja sem leitt geta til hindrana fyrir flug. Nauðsynlegt er að vinna útfærslu á hindranalýsingu og fleiri málum í samráði við Samgöngustofu.	Farið verður eftir reglum varðandi hindranir flugumferðar og samráð verður haft við Samgöngustofu útfærslu merkinga og hindranalýsingu.

### 4 Svar/viðbrögð við umsögn Skipulagsstofnunar:

UMSÖGN	SVAR
Í lýsingu á því hvernig staðið verður að umhverfismati eru einnig settar fram matsspurningar um áhrif á landslag og ásýnd, samfélag, heilsu og öryggi. Þar vantar hins vegar að vísa til gagna eða upplýsinga sem liggja fyrir eða verður aflað til að upplýsa um grunnástand þessarar umhverfisþátta og til að leggja til grundvallar við mat á áhrifum uppbyggingar vindorkuvers.	Gerð verður nánari grein fyrir gögnum og upplýsingum sem byggt verður á í umhverfismati, í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar.
Bent er á að nú er í kynningu tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem sett er fram stefna um skipulagsmál m.t.t. loftslags, landslags og lýðheilsu. Þar er sett fram aðgerð 6.1.6 sem felur í sér greiningu og kortlagningu óbyggðra víðerna á landsvísu og gerð leiðbeininga um staðbundna kortlagningu óbyggðra víðerna. Í yfirstandandi skipulagsvinnu vegna vindorkuvers þarf að yfirfara kortlagningu víðernis á Melrakkaslétu m.t.t. skilgreiningar náttúruverndarlaga og meta áhrif breyttrar stefnu á afmörkun og umfang þeirra.	Óbyggð víðerni í grennd við vindorkuverið verða metin út frá leiðbeiningum um staðbundna kortlagningu óbyggðra víðerna.
Í vinnslu aðalskipulags Norðurlands var unnin greining á landslagsheildum sem nýta ætti að nýta við mótun stefnu um vindorkunýtingu í sveitarfélaginu.	Umsögn beinist að nýtingu landslagsheilda við mótun á stefnu um vindorkunýtingu í sveitarfélaginu og beinist því ekki beint að viðkomandi breytingu á aðalskipulagi á Hólaheiði. Qair telur að sveitarfélagið geti mótað stefnu samhliða breytingu á aðalskipulagi án þess þó að það þurfi að stöðva eða tefja aðalskipulagsbreytingu vegna vindorkuvers á Hólaheiði.
Vakin er athygli á flokkun og kortlagningu landslagsgerða á Íslandi sem kom út í nóv. 2020. Tilgangur kortlagningarinnar er að leggja til grunnupplýsingar um landslag á landsvísu sem líta ber til við skipulagsgerð og nánari framtíðarkortlagning landslagsheilda. Bent er á að nýta flokkunina við mótun skipulagstillögunnar.	Við breytingu á aðalskipulagi verður litið til og fjallað um kortlagningu landslagsgerða á Íslandi (2020) og greiningu á landslagsheildum sem gerð var við vinnslu aðalskipulags Norðurlands.

Mat á áhrifum á breyttri stefnu þarf einnig að taka til efnistöku og tengingar við dreifikerfi raforku. Einnig er tilefni til að bera saman valkosti m.t.t. áhrifa á umhverfið, svo sem með minna vindorkuveri eða lægri vindmyllum.	Þrír valkostir verða bornir saman fyrir útfærslu vindorkuvers m.t.t. áhrifa á umhverfið. Landsnet ber ábyrgð á flutningskerfi raforku á Íslandi. Fyrirtækið tekur ákvörðun um útfærslu tengingar við raforkuflutningskerfið og undirbúning þess þ.m.t. leyfisveitingar. Haft hefur verið samband við Skipulagsstofnun og beðið er eftir staðfestingu þeirra.
Skýrt þarf að vera hvaða viðmið eru lögð til grundvallar við mat á áhrifum breyttrar stefnu skv. fyrirhugaðri uppbyggingu.	Við breytingu á aðalskipulagi og í umhverfisskýrslu verða viðeigandi viðmið dregin fram.
Gera þarf grein fyrir samræmi áforma um uppbyggingu vindorkuvers á Hólaheiði við aðrar áætlanir. Jafnframt þarf að fjalla um samræmi við Kerfisáætlun Landsnets og eftir því sem við á stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og byggðaáætlun.	Fjallað verður um samræmi við aðrar áætlanir í breytingu á aðalskipulagi eftir því sem við á.
Endanleg skipulagstillaga, þ.e. breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi mótast af niðurstöðu matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar auk þess að vera háð niðurstöðu rammaáætlunar miðað við núverandi lagaumgjörð. Mælt er með því að auglýsing skipulagstillögu fari fram samhliða kynningu á frummatsskýrslu framkvæmdaáætlunar verkefnisins.	Gert er ráð fyrir að skipulagsvinna verði unnin samhliða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og að upplýsingar úr mati á umhverfisáhrifum verði hafðar til hliðsjónar við skipulagsgerð. Hvort skipulagstillögu verða auglýstar samhliða frummatsskýrslu mun fara eftir því hvernig vinna við mat á umhverfisáhrifum miðast áfram, er varðar upplýsingar sem hafa áhrif á fyrirkomulag mannvirkja á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir að láta mat á umhverfisáhrifum framkvæmda tefja fyrir skipulagsferli ef allar mikilvægar upplýsingar sem viðkoma skipulagsvinnu, liggja fyrir.
Bent er á að eiga samráð við Samgöngustofu og leita eftir afstöðu íbúa og ferðaþjónustuaðila við mótun skipulagstillögunnar, svo sem með viðhorfskönnun. Einnig er rétt að vekja athygli frjálsra félagasamtaka á skipulagsáformum t.d. Landverndar og Fuglaverndar og útivistar- og hagsmynasamtaka á svæðinu.	Qair er kappsmál að verkefnið sé kynnt vel og telur samráð til þess fallið að bæta verkefnið og hönnun, Haft verður samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila, m.a. í formi auglýsinga, kynninga og funda, leitað verður umsagna frá umsagnaraðilum og hagsmunaaðilum á megin stigum í skipulagsferlinu.
Að mati Skipulagsstofnunar þarf að setja fram í vinnslutillögu til kynningar sýnileikakort og ásýndarmyndir fyrir valkosti um vindorkuver á svæðinu, með og án vindmylla, frá mikilvægum sjónarhornum svo sem áningastöðum ferðamanna og helstu vegum.	Gert er ráð fyrir að setja fram sýnileikakort (ZTV kort), þ.e. kort sem sýnir mögulegan sýnileika vindmylla á landi. Einnig verða unnar myndir frá völdum stöðum sem sýna mögulegan sýnileika frá völdum stöðum. Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda verða unnar fleiri sýnileikamyndir, þ.e. frá fleiri stöðum sem sýna sjónarhorn frá vel völdum svæðum.

## 5 Svar/viðbrögð við umsögn Umhverfisstofnunar

UMSÖGN	SVAR
Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er hraun sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Bent er á að innan svæðisins er einnig votlendi og tjarnir sem falla undir ákvæði laganna. Forðast ber að raska þeim náttúruvirkjum nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Gera þarf grein fyrir hvaða almannahagsmunir réttæti röskun, rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum og ástæðu þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.	Í aðalskipulagi verður gert ráð fyrir að afmarka iðnaðarsvæði rúmt m.a. svo unnt verði að taka tillit til votlendis og hrauna við nánari staðsetningu mannvirkja sem verður gerð nánari grein fyrir í deiliskipulagi. Við staðsetningu mannvirkja í deiliskipulagi verður m.a. tekið mið af rannsóknum og gögnum sem unnin verða í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Forðast verður að raska náttúruvirkjum sem njóta sérstakrar verndar eins og kostur er.
Ásýnd. Gera mætti gleggri grein fyrir mannvirkjunum og umfangi með því að bera þau saman við þekkt mannvirki.	Unnar verða sýnileikamyndir þar sem mannvirki verða staðsett inn á ljósmyndir.
Óbyggð viðerni. Gera skal grein fyrir með hvaða hætti stefnan sarmýmist landsskipulagsstefnu og áhrifum náttúruverndarlaga.	Skipulagsstofnun vinnur nú að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem m.a. verða mótuð viðmið fyrir staðsetningu vindorkuvera með tilliti til landslags.

	Umsögn er vísað til vinnslu aðalskipulagsbreytingar og vinnslu deiliskipulags.
Afleidd áhrif. Eðlilegt er að fjalla um afleiddar framkvæmdir, t.d. raforkuflutningskerfi sem munu hafa einhver umhverfisáhrif, og umhverfisáhrif þeirra metin í umhverfisskýrslu.	Landsnet ber ábyrgð á flutningskerfi raforku á Íslandi. Fyrirtækið tekur ákvörðun um útfærslu tengingar við raforkuflutningskerfið og undirbúning þess þ.m.t. leyfisveitingar. Haft hefur verið samband við Skipulagsstofnun og beðið er eftir staðfestingu þeirra.
Líftími. Bent er á að fjalla skal um líftíma orkuversins í tillögunni. ef gert er ráð fyrir niðurrifi orkuversins bendir UST á mikilvægi þess að fjallað verði um hvernig niðurrifi verði háttað og umhverfisáhrifum þess.	Almennt er ekki gerð grein fyrir niðurrifi nýrra bygginga eða annarra mannvirkja í aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að niðurrif og förgun fylgi almennum reglum. Að rekstartíma loknum, sem gera má ráð fyrir að sé að minnsta kosti 25 ár, verður vindorkugarðurinn annaðhvort endurnýjaður eða tekin niður. Niðurrifið mun felast í að vindmyllur eru teknar niður, flutningi þeirra af svæðinu auk þess sem grunnar og vegir á svæðinu verða fjarlægðir, nema annars sé óskað af yfirvöldum. Umsögn er vísað til vinnslu aðalskipulagsbreytingar og vinnslu deiliskipulags.
Efnisþörf. Mikilvægt er að fjalla um efnisþörf og efnisnotkun.	Á þessu stigi er ekki hægt að meta efnisþörf, en efnismagn er háð niðurstöðum jarðrannsóknna og þeim vindmyllunum sem verða valdar. Gert er ráð fyrir að steypa vegna framkvæmdarinnar verði sótt frá nálægum framleiðanda og flutt á framkvæmdasvæðið. Gert er einnig ráð fyrir að uppgrafið efni úr grunnnum vindmyllanna verði endurnýtt, t.d. í undirstöður fyrir krana og í vegslóða innan framkvæmdasvæðisins. Verði þörf á efni umfram það er líklegt að það efni verði sótt í nálægri námu utan framkvæmdasvæðis.
Úrgangur á rekstartíma. Fjalla skal um hvernig meðhöndlun úrgangs verði á rekstartíma, t.a.m. endurnýjun og förgun á vindmylluspöðum.	Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða gerð vindmylla verður á svæðinu en hefur það áhrif á úrgang m.a. hvort vindmyllurnar þurfa olíu eða ekki til viðhalds á girrkassa vindmyllanna. Almennt er að förgun efnis fylgi lögum og reglum.

## 6 Svar/viðbrögð við umsögn Veðurstofu Íslands:

UMSÖGN	SVAR
Æskilegt væri, að auk tíðni vindátta og útreiknaðs meðalvindhraða í 100 m hæð yfir jörðu, kæmu einnig fram líklegar hvasviðrisáttir og tíðni þeirra. Þá væri enn fremur mikilvægt að fjalla um vind og fleiri veðurþætti sem náttúruvá (aftakaveður) og skal þar sérstaklega bent á umfjöllum um slyduúsingu og varnir gegn henni.	Í október 2020 var settur upp LIDAR mælir á framkvæmdasvæðinu, þ.e. sérstök gerð veðurratsjár þar sem leysigeisli er notaður til að mæla vind. Líklegt er að LIDAR mælir verði á svæðinu í að minnsta kosti 2 ár. Við val á vindmyllum er tekið tillit til aftakaveðurs og ísingar.
Undirstrikað er mikilvægi þáttar jarðskjálftavár við skipulagsgerðina, sbr. kafla 3.3.	Við skipulags- og mannvirkjagerð verður tekið tillit til þeirrar jarðskjálftahættu sem er á svæðinu en Tjörneshöfnabeltið liggur um sveitarfélagið.

## 7 Svar/viðbrögð við umsögn Náttúruverndarnefnd Þingeyinga:

UMSÖGN	SVAR
<p>Framkvæmdin mun hafa í för með sér neikvæð áhrif á náttúru svæðisins, landslag, upplifun ferðamanna og lífsgæði íbúa. Nefndin telur því að áhrif umræddar breytingar á aðalskipulagi muni verða neikvæð og styður því ekki umræddar breytingar á aðalskipulagi.</p>	<p>Framkvæmdin mun hafa áhrif á umhverfi og samfélag. Með því að leggja fram ítarlegt umhverfismat verður það skoðað sérstaklega hvernig hægt er að lágmarka þau áhrif.</p>
<p><b>Orkuþörf.</b> Nefndin telur að ekki hafi verið sýnt fram á orkuþörf fyrir svo stóra virkjun. Nóg framboð af endurnýjanlegri raforku á Íslandi sé nú þegar til staðar.</p>	<p>Orkustofnun fer með langtímaspá varðandi orkuþörf og mun fá skipulagstillögur til umsagnar. Ekki er stefnt að framkvæmd nema sýnt sé að hægt sé að selja afurðina.</p>
<p><b>Landbúnaðarland og áhrif vindmylla á búfénað.</b> Ekki liggja fyrir rannsóknir á áhrifum vindmylla á sauðfé en slíkar rannsóknir þyrftu að liggja fyrir áður en svo stóru landbúnaðarlandi er breytt í iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver þar sem áfram er gert ráð fyrir að búfé sé beitt.</p>	<p>Bein áhrif á sauðfé hefur ekki verið rannsakað sérstaklega svo vitað sé til en framkvæmdin mun ekki rýra núverandi landnotkunarmöguleika til beitar líkt og svæðið er notað nú. Með gerð vega innan svæðisins er hins vegar bætt aðgengi að svæðinu bæði fyrir bændur og veiðimenn.</p>
<p><b>Landslag.</b> Vindorkuver á Hólaheiði á Melrakkasléttnu mun hafa gríðarleg áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Melrakkasléttan er flatlend og er flatneskjan eitt að staðareinkennum svæðisins og um leið eitt helsta aðdráttarafli þess með tilliti til ferðaþjónustu. Þá er Hólaheiði nyrsti hluti af stærsta víðernissvæði landsins utan víðerna miðhálandisins en markmið tillagna í landsskipulagsstefnu er meðal annars að viðhalda óbyggðum víðernum. Í aðalskipulagi Norðurþings er einnig lögð áhersla á að forðast að raska ósnortnum víðernum með mannvirkjagerð og sjónmengun.</p> <p>Vindmyllurnar verða því sýnilegar af stóru svæði við Öxarfjörð og á Melrakkasléttnu. Ekki liggja fyrir sýnileikakort af vindorkuverinu á áhrifum þess á landslag svæðisins.</p>	<p>Þar sem sjónræn áhrif er sá umhverfisþáttur sem hvað mest áhrif verður á verður gerð ítarleg grein fyrir sjónrænum áhrifum. Við matið verður stuðst við leiðbeiningar SNH um sjónrænt mat á vindmyllum (e. Scottish Natural Heritage: Visual Representation of Wind Farms, Guidance). Útbúið verður kort sem sýnir fræðilegan sýnileika vindmyllanna (Zone of Theoretical Visibility, ZTV) auk tölvugerðra líkanmynda sem munu sýna hugsanleg sjónræn áhrif vindorkugarðsins. Áhrif á óbyggð víðerni verður metin.</p>
<p>Áhrif vindorkuversins yrðu hinsvegar langmest á fugla og einstaka fuglategundir sem eru algengar á svæðinu. Ekki liggja fyrir áhrif vindorkuvers á fugla svæðisins.</p>	<p>Í umhverfismati er lögð sérstök áhersla á að safna gögnum um fuglalíf á svæðinu með það að markmiði að forðast eða draga úr mögulegum áhrifum á fugla. Verður því auk hefðbundinna fuglarannsókna meðal annars stuðst við ratsjarmælingar til að afla upplýsinga um umfang umferðar og flughæð fugla við fyrirhugað framkvæmdasvæði.</p>
<p><b>Áhrif á ferðaþjónustu.</b> Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Melrakkasléttnu, í Þistilfirði og á Langanesi en þar hefur meðal annars verið lögð áhersla á fuglatengda ferðaþjónustu auk annarrar náttúrutengdrar ferðaþjónustu. Vindmyllur á svona stóru svæði á Hólaheiði myndu sjást langt að og hafa veruleg neikvæð áhrif á útsýni og upplifun ferðamanna sem heimsækja svæðið.</p>	<p>Áhrif á ferðaþjónustu og útivist verða metin í mati á umhverfisáhrifum.</p>
<p><b>Áhrif á lífsgæði íbúa.</b> Vindorkuverið myndi hafa neikvæð áhrif á lífsgæði íbúa. Sýnileiki þess yrði mjög mikill og skerða upplifun íbúa af landslagi og náttúru svæðisins. Ljósmengun myndi stafa frá vindorkuverinu og möguleg hljóðmengun í næstu byggðum. Þá rýrir það svæðið fyrir ferðaþjónustu og möguleika íbúa að byggja upp náttúrutengda ferðaþjónustu á svæðinu.</p>	<p>Víðtækra umsagna hagsmunaaðila og félagsamtaka verður aflað við vinnslu skipulagstillagnanna. Skoðað verður hvort viðhorfskönnun verður gerð eða álitu aflið með öðrum hætti.</p>

## 8 Svar/viðbrögð við umsögn Orkustofnunar:

UMSÖGN	SVAR
Í framkvæmd tilkynntri til 4. áfanga rammaáætlunar kom fram að í 1 áfanga yrðu settar upp 11 túrbínur og í 2 áfanga verði 23 túrbúnur. Samræma þarf upplýsingar milli rammaáætlunar og skipulagsgagnanna.	Umsögn er vísað til vinnslu aðalskipulagsbreytingar og vinnslu deiliskipulags.

## 9 Svar/viðbrögð við umsögn HNE:

UMSÖGN	SVAR
Ekki eru gerðar athugasemdir.	

## 10 Svar/viðbrögð við umsögn MÍ:

UMSÖGN	SVAR
Minjastofnun minnir á að taka þarf tillit til fornleifa og þess menningarlandslags sem þær tilheyra við mat á hentugustu staðsetningunum fyrir vindmyllur. Skrá þarf fornleifar á öllum svæðum þar sem jarðrask er fyrirhugað vegna framkvæmdarinnar, einnig vegna framkvæmda sem ná út fyrir hið eiginlega framkvæmdasvæði, s.s. vegna vegagerðar og strenglagningar til að tengja vindorkugarðinn við almennt flutningskerfi rafmagns.	Við gerð skipulagstillagna og umhverfismats verða fornleifar innan svæðisins skráðar. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

## 11 Svar/viðbrögð við athugasemdum landeiganda Brekku og Garðs:

ATHUGASEMD	SVAR
Óbærileg sjónmengun. Stórfelld mannvirki á séttlendi munu blasa við úr órafjarlægð með tilheyrandi sjónmengun.	Þar sem sjónræn áhrif er sá umhverfisþáttur sem hvað mest áhrif verður á verður gerð ítarleg grein fyrir sjónrænum áhrifum. Við matið verður stuðst við leiðbeiningar SNH um sjónrænt mat á vindmyllum (e. Scottish Natural Heritage: Visual Representation of Wind Farms, Guidance). Útbúið verður kort sem sýnir fræðilegan sýnileika vindmyllanna (Zone of Theoretical Visibility, ZTV) auk tölvugerðra líkanmynda sem munu sýna hugsanleg sjónræn áhrif vindorkugarðsins.
Áhrif á náttúru og lífríki. Hólaheiðin er ósnortið hraunlendi og óspjölluð náttúra. Friðað hraun er innan svæðis Hnotasteins. Með uppsetningu vindmylla yrði heiðinni allri gjörbreytt til verri vegar. Framkvæmdin mun leiða af sér neikvæð áhrif á fuglalíf. Umrætt svæði nýtur verndar sem friðunarsvæði fugla og er einstætt að því leyti.	Leitast verður við að sem minnst röskun verði á gróðri og votlendi. Í aðalskipulagi verður iðnaðarsvæðið þó afmarkað rúmt en í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir staðsetningu hveir vindmyllu og öðrum mannvirkjum innan svæðisins. Forðast skal að staðsetja mannvirki þannig að verndarsvæði skerðist sem minnst. Í umhverfismati er lögð sérstök áhersla á að safna gögnum um fuglalíf á svæðinu með það að markmiði að forðast eða draga úr mögulegum áhrifum á fugla. Verður því auk hefðbundinna fuglarannsóknna meðal annars stuðst við ratsjarmælingar til að afla upplýsinga

<p>Vatnsverndarsvæði. Veruleg mengunarhætta kann að stafa frá vindmyllum og rekstri í tengslum við þær. Öll jarðmengun leitar til vesturs, þar sem eru vatnsból.</p>	<p>um umfang umferðar og flughæð fugla við fyrirhugað framkvæmdasvæði.</p> <p>Lítill eða engin mengunarhætta grunnvatns er á rekstrartíma. Hættan er mest við uppsetningu og niðurtekt svæðisins. Gæta þarf sérstaklega að öllum þáttum sem mengað geta jarðveg og skal gæta ýtrustu varkárni við allar framkvæmdir til að koma í veg fyrir mengun.</p>
<p>Umhverfismat. Í umhverfismati skal fara fram með faglegum og vönduðum hætti yfir grundvöll athugasemda þessa enda má ljóst vera að með því að ráðast í svo miklar framkvæmdir er verið að breyta öllu náttúrulegu umhverfi til frambúðar. Nauðsynlegt er að virða umhverfið og gæta þess að heimila ekki rekstur eða starfsemi, sem muni hafa varanlega skaðvænleg áhrif.</p>	<p>Með vönduðu og ítarlegu umhverfismati verður dregið eins og kostur er úr umhverfisáhrifum.</p>
<p>Áskilinn er sá réttur að koma að athugasemdum ef þurfa þykir og gera jafnframt kröfu til þess að fá í hendur öll rannsóknargögn og skýrslur, sem gerðar verða í tengslum við ákvarðanir Norðurþings varðandi breytingu á aðalskipulagi eða nýju deiliskipulagi.</p>	<p>Til opinberra gagna teljast gögn sem eru lögð fram til umsagna eða á opnum fundum. Norðurþing getur óskað eftir því að önnur gögn verði gerð opinber og mun Qair skoða það í hverju tilfalli fyrir sig. Lögð er mikil áhersla á samráð og að koma nauðsynlegum upplýsingum til almennings í ferlinu.</p>